

STARFSÞJÁLFUN Á SJÚKRALIÐABRAUT

STÞ 108, 208

Starfsþjálfun er samtals 80 vaktir og verða namar að vera í 60–100% starfi (16 vikur miðað við 100% starf) (sjá áfangalýsingu STÞ 108, 208).

Eftir að namar hafa lokið HJU 203 og VIN 105, geta þeir hafið starfsþjálfun á öldrunardeild sem nemur 4-6 vikum, miðað við fullt starf (20- 30 vaktir).

Eftir að namar hafa lokið HJU 303, 403 og VIN 205, geta þeir haldið áfram starfsþjálfun á hand- og/eða lyflækningadeildum

Eftir HJU 503 og VIN 305 geta namar klárað starfsþjálfun á sérdeildum. Heimilt er þó að klára starfsnámið á hand- og/eða lyflækningadeildum.

Starfsþjálfun þarf að fara fram á amk. 2 deildum og er nema heimilt að taka alla starfsþjálfun á hand- og lyflækningadeildum.

Á starfsþjálfunartímabilum þiggur nemi laun skv. kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands.

Ath.

Nemar þurfa sjálfir að útvega sér starfsþjálfunarpláss og gera námssamning við viðkomandi stofnun og skólann á þar til gerðum eyðublöðum, sem fást hjá kennslustjóra sjúkraliðabrautar.

Námsmat

Hjúkrunardeildarstjóri sem ræður sjúkraliðanema í starfsþjálfun skal gefa honum umsögn á þar til gert eyðublað frá skólanum í lok starfsþjálfunar. Kennslustjóri er tengiliður skólans og deildarstjóra/yfirmanns vinnustaðar þar sem starfsþjálfun fer fram. Þegar starfsþjálfunartímabilinu er lokið er nemi ábyrgur fyrir því að koma umsögn fyrir starfsþjálfun til kennslustjóra.

Starfsþjálfun er metin sem 16 námseiningar í sjúkraliðanámi.